



Samkeppniseftirlitið  
Borgartúni 26  
125 Reykjavík

Reykjavík, 08.03.2016  
Tilvísun: 201512-0008

### **Efni: Umsögn ASÍ um frummatsskýrslu um eldsneytismarkaðinn.**

Alþýðusambandið fagnar frumkvæði Samkeppniseftirlitsins að hefja markaðsrannsókn á markaði með eldsneyti. Glíma neytenda við fákeppni á eldsneytismarkaði á sér langa sögu sem er vel rakin í skýrslunni. Alþýðusambandið vill jafnframt þakka Samkeppniseftirlitinu fyrir tækifæri á að geta komið sjónarmiðum sínum um frummatsskýrsluna á framfæri.

Þó liðin sé einn og hálfur áratugur frá húsleitum Samkeppnistofnunar eru kerfisbundin og þaulskipulögð samkeppnisbrot og verðsamráð olúfélaganna neytendum enn í fersku minni. Þrátt fyrir niðurstöðu þeirrar rannsóknar standa neytendur hinsvegar enn frammi fyrir því að markaður með eldsneyti í smásölu sé fákeppnismarkaður með einsleita vöru. Alþýðusambandið hefur því um langt skeið haft verulegar áhyggjur af því að skortur á samkeppni á eldsneytismarkaði leiði til óskilvirkni olúfélaga, hárra aðgangshindrana, samhæfrar verðhegðunar og þar af leiðandi hærra verðs til neytenda. Eitt skýrasta merkið er hversu treg hreyfing verðs á eldsneyti er niður á við á meðan hærra heimsmarkaðsverð á olú kemur gjarnan hratt fram í hærra bensínverði.

Svo virðist sem áhyggjur ASÍ séu á rökum reistar miðað við niðurstöður frummatssins og tekur ASÍ undir niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins um að alvarlegar samkeppnishömlur kunni að ríkja á markaði með eldsneyti. Í skýrslunni er dregið fram að þessar hömlur komi fyrst og fremst fram í samhæfðri hegðun olúfyrirtækja, háum aðgangshindrunum, skaðlegri lóðréttri samþættingu fyrirtækja og regluverki hins opinbera.

Áhyggjur um að eignarhald fjárfesta í fleiri en einu félagi geti mögulega dregið úr samkeppnishvötum eiga vissulega rétt á sér. Leiðbeiningar frá Samkeppniseftirliti til fjárfesta um eignarhald og stjórnarsetu í fyrirtækjum í samkeppni eða takmörkun á eignarhlutum kynnu að vera skref til framfara. Hinsvegar er rétt að taka fram að ekkert bendir til þess og engar vísbendingar eru um að eignir lífeyrissjóða í olúfélögum hafi haft fyrrgreind áhrif.



Alþýðusamband Íslands

Samkeppniseftirlit færir sterk rök fyrir úrbótum á markaði með eldsneyti og telur ASÍ brýnt að þær tillögur verði skoðaðar nánar. Einkum í ljósi þess að samkvæmt frummati hafi neytendur ofgreitt fyrir eldsneyti sem nemur yfir 4.000 milljónum króna árið 2014. Hinsvegar er mikilvægt að farið verði ítarlegri greiningu á þeim úrbótum sem lagðar eru til, frekara mat lagt á áhrif einstakra aðgerða og árangur sambærilegra úrbóta í öðrum löndum skoðaður.

f.h. Alþýðusambands Íslands

Róbert Farestveit  
hagfræðingur.